



Á flækingi

Íslendingar eru upp til hópa þrjústgott fólk sem leggur kapp á að sjá það besta í náunganum og nennir yfirleitt ekki að elta lengi ólar við einstök spillingar- eða hneykslismál. Eins og kotbóndinn forðum gagnvart ósnertanlegu valdinu láta þeir sér nægja að fá útrás í meinlausu slúðri og einstaka kvíðlingi, já heilum drápum ef til efnið er nógu krassandi. Að þessu leyti er íslenski kvíðlingurinn skyldur rússnesku og austurevr- ópsku Stalín- og Brésneffbröndur- unum; því grimmilegri sem kúgun kommissaranna þar austur varð því magnaðri varð flóran af afhjúpanði, pólitískum bröndurum. Fram hefur komið sú merkilega kenning að þetta stafi af því að Íslendingar hafi ekki kynnst lýðræði nema á pappírnum og geri því ekki aðrar kröfur til fyrirmanna en að þeir séu nógu dreissugir, fyrirferðarmiklir og kjafftorir til að hægt sé að henda gerðir þeirra og orð á lofti og flétta í rím og stuðla.

Pannig hefur ófá Krummavísan orðið til á líðnu ári og kratavísurnar eru líklega farnar að skipta hundruðum.

En sumir kunna sig verr en aðrir. Hrafn Gunnlaugsson hefur farið mikinn til að reyna að afsanna þá kenningu að hann sé „einkavinur“ og líka að hann sjálfur stundi einkavinavæðingu þar sem hann geti komið því við. Allt á þetta að vera áburður runninn undan rifjum Alþýðubandalagsins og annarra stjórnarandstæðinga. Með nýjustu uppákomunni í Sjóvarpinu, þ.e. viðbrögðum hans við því að Útvarpsráð vill ekki endursýna þætti Baldurs Hermannssonar, er Hrafn hinsvegar enn á ný að minna alþjóð á hlutverk sitt í einkavinavæðingunni og persónulegri hagsmunagæslu fyrir þá útvöldu. Þeir Íslendingar sem hafa viljað gleyma Hrafnsmálinu svokallaða og jafnvel fundist að nú mætti látunum fara að linna fá hinsvegar stöðugt nýjar uppákomur af hálfu Hrafns til að halda sér við efnið. Hrafn er líklega sinn verstu óvinur og þarf varla aðra á meðan hann sjálfur er svona iðinn við kolann. Hvað er framkvæmdastjóri Sjóvarps, sem fram að dögum Hrafns í þeim stól beitti kröftum sínu aðallega að tæknilegum atriðum á framkvæmdasviði stofnunarinnar, að vera að hafa svo fyrirferðamikla skoðun á því hvort einhverjir tilteknir þættir eru endursýndir eða ekki? Skyldi skipta hér máli að höfundur þáttanna er persónulegur vinur Hrafns og að Hrafn, þáverandi formaður Menningsjódís útvarpsstöðva sem fjármagnaði þáttagerðina, átti stærstan þátt í því að þeir voru yfirleitt gerðir?

Óg vissulega skiptir það máli fyrir gæðamat framkvæmdastjórnans á sjónvarpsefni hvort þeir sem þættina gera geta talist til hans einkavina eða ekki. Pannig hefur Hrafn komið harkalegri gagnrýni sinni á þátt Árna Þórarinssonar um Jökul Jakobsson á framfæri innan- húss í Sjóvarpinu, en það er sam- dóma álit flestra nema Hrafn að sá þáttur, sem sýndur var að kvöldi nýársdags, sé einn vandaðasti og nærfærnasti þáttur af þessu tagi sem Sjóvarpið hefur sýnt. En Árni er ekki vinur Hrafns - og þar liggur hundurinn grafinn.

Ídagsins Önn

SEXMESSA

Á gamlársdag voru rithöf- undaverðlaun Ríkisútvarps- ins afhent við hátíðlega at- höfn eins og jafnan á þeim degi. At- burðinum var útvarpað beint, for- maður úthlutunarnefndar ávarpaði gesti og hlustendur og gerði grein fyrir verðlaunaveitingunni. Varla varð hjá því komist að gefa orðum hans gaum, því hann „væraði“ sig, „voraði“ og „ossaði“ ræðuna í gegn. Þetta var eins og heyrta aftur í gömlum kunningjum og annar ár- viss fjölmiðlaatburður rifjaðist upp, nýársdagsvörp dr. Kristjáns heit- ins Eldjárns. Hann var smekkvís maður og beitti ávallt, að hætti kyn- slóðar sinnar, þessari fleirtölu í há- tíðarræðum sínum. Hann setti mál sitt í hátíðarföt á hátíðardegi og manni fannst þetta sjálfsagt, jafn- eðlilegt og að klæðast sparfötunum á merkisdegi. Að vísu þótti jafn- öldrum mínum sumum þetta hall- ærislegt þegar líða tók á áttunda áratuginn, þeir sögðust á nýbyrjuðu ári ekki muna orð úr ræðum hins ástkæra forseta út af öllu þessu

Haukur Hannesson



„véri“ og „ossi“.

Þéringum og annarri slíkri „til- gerð“ hefur á undanförunum áratug- um markvisst verið útrýmt úr mál- inu, flestöll fyrirtæki eru hætt að þera viðskiptamenn sína í bréfum

og ríkisvaldið „þúar“ þegnana. Þessi útrýmingarherferð hefur ef- laust verið gerð af góðum hug, menn hafa viljað draga úr þeim „mannamun“ sem fólst í þéringum. Þetta var sem sé jafnaðarstefna.

Ég varð á sjálfan jóladag var við áhrif máljafnaðarstefnu af þessu tagi, þó í annarri mynd væri. Fréttamaður Ríkisútvarps ræddi þá við herra Ólaf Skúlason, biskup í Reykjavík, um kirkjusókn á að- fangadagskvöld. Biskup lét vel yfir kirkjusókninni (eða kannski „mæt- ingunni“, ég man það ekki svo glögg), einkum var aðsóknin í „sexmessuna“ mikil. Mér fannst það út af fyrir sig ekki skrytið, minnst þess þó ekki að hafa heyrt orðið „sexmessa“ fyrr, hef aldrei heyrt þessar tölur nefndar annað en aftansöng (eða kvöld söng). Ég er þó viss um að biskupi gekk gott eitt til, hann hefur ef til vill ekki treyst því að allir landsmenn skildu orðið „aftansöngur“, hins vegar skilja all- ir orðið „þrjúbót“ og þá auðvitað líka „sexmessa“.



Sviðsljós

Þrjár sýningar opna á Kjarvalsstöðum á morgun



Þrjár listamenn opna sýningar sínar á Kjarvalstöðum á morgun laugardag. Þetta eru þeir Magnús Kjartansson, Finnboi Pétursson og Geoffrey Hendricks.

Finnboi Pétursson sem fæddur er í Reykjavík 1959 vinnur með samþættingu tveggja ólíkra þátta, annarsvegar skúlptúrsins, þar sem hljóðgjafi og hátalari mynda hinn sýnilega hluta og hinsvegar hljóðs- ins, hins ósýnilega hluta, en saman myndar þetta „fjórviðan“ hljóðskúlptúr. Finnboi hefur haldið nú einkasýningar í Reykja- vík og Hollandi og tekið þátt í fjórtán samsýningum víða um heim.

Magnús Kjartansson er Reykvi- ingur fæddur 1949. Á sýningunni að Kjarvalstöðum sýnir Magnús ný verk sam fjalla um píslarsöguna og má segja að hér sé um nokkuð afgerandi fráhrarf frá fyrri verkum hans og því vekja þessar myndir upp áleitnar spurningar um mynd- málið og forsendur þess.

Magnús hefur tekið þátt í fjölda samsýninga á Íslandi og víða um heim og haldið einkasýningar í Reykjavík og Stokkhólmi.

Sýning Geoffrey Hendricks nefnist „Day into night“ og er far- andsýning sem kemur frá Óðinsvé- um. Sýningin er nokkurskonar yf- irlitssýning á verkum hans frá því um miðjan sjöunda áratuginn og fram til dagsins í dag. Geoffrey var einn af meðlimum FLUXUS- hreyfingarinnar í Bandaríkjunum og Evrópu. Verk hans eru síst af öllu einföld því í augum hans er heimurinn flókinn og margræður og sem listamaður og einstaklingur tekur hann ávallt réttu og nauðsyn- legu leiðina fram yfir þá sem er styst og auðveldust. Á ferli sínum hefur hann haldið um þrjátíu einkasýningar um allan heim og m.a. í Nýlistasafninu árið 1984. Hann hefur einnig tekið þátt í fjöl- mörgum samsýningum, gerning- um og umhverfisverkum og gefið út rit, bækur og myndbönd.

Sýningarnar eru opnar daglega frá kl. 10 - 18 og standa til 13. febr- úar n.k.

Hjartagátan

Setjið rétta stafi í reitina neðan við krossgátuna. Þeir mynda þá karlmannsnafn. – Lausnarorð krossgátunnar í síðasta blaði er **Selvogur**.

1	2	3	3	2	3	2	1	4	5	6	7	7
8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20
17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29
19	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	32	33
4	11	12	16	2	23	2	11	2	21	1	19	19
16	9	26	11	2	1	12	15	9	1	9	21	23
18	21	23	2	15	16	1	2	12	19	2	11	14
15	12	25	15	18	19	3	1	21	1	4	9	9
23	8	14	25	2	25	8	1	24	4	16	1	9
1	20	24	2	27	21	1	20	1	26	28	2	2
29	2	24	15	1	26	14	23	23	1	25	14	1
20	19	14	16	26	25	4	1	1	21	31	2	9
19	23	20	11	1	2	11	4	1	27	1	1	32
31	8	23	12	1	19	4	11	4				

- A = 1 =
- Á = 2 =
- B = 3 =
- D = 4 =
- Ð = 5 =
- E = 6 =
- É = 7 =
- F = 8 =
- G = 9 =
- H = 10 =
- I = 11 =
- Í = 12 =
- J = 13 =
- K = 14 =
- L = 15 =
- M = 16 =
- N = 17 =
- O = 18 =
- Ó = 19 =
- P = 20 =
- R = 21 =
- S = 22 =
- T = 23 =
- U = 24 =
- Ú = 25 =
- V = 26 =
- X = 27 =
- Y = 28 =
- Ý = 29 =
- Þ = 30 =
- Æ = 31 =
- Ö = 32 =